

## Frumvarp til laga

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998.

Flm.: Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Svanfríður Jónasdóttir,  
Sigríður Jóhannesdóttir, Kristján L. Möller, Þórunn Sveinbjarnardóttir.

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. Í stað tölunnar „50“ í 1. og 2. mgr. kemur: 1000.
- b. Á eftir orðinu „samfleytt“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: eftir gildistöku laga þessara.

### 2. gr.

Lög þess öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Efling sveitarfélaga er afar mikilvægur þáttur í því að tryggja íbúum landsins góð lífs-  
skilyrði. Mikið var fjallað um hlutverk sveitarfélaganna og möguleika þeirra á að sinna því  
fyrir tæpum áratug. Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra skipaði „sveitarfélaganefnd“  
í febrúar 1992. Nefndin skilað lokaskýrslu í mars 1993. Í kjölfar aðgerða sem ákveðnar voru  
af stjórnvöldum í framhaldi af starfi nefndarinnar urðu verulegar breytingar á stærð og fjölda  
sveitarfélaganna.

Sveitarfélög sameinuðust víða og sums staðar urðu þau afar víðáttumikil. Fyrir 10 árum  
voru sveitarfélögin 204 en þau eru nú 124. Þrátt fyrir að mikið hafi áunnist sitja þó víða eftir  
örsmá sveitarfélög sem geta illa sinnt því sem þeim er ætlað af hinu opinbera.

Pólítískur vilji til þess að færa til sveitarfélaganna fleiri verkefni frá hinu opinbera virðist  
vera almennur. Ástæða er þó til að ætla að sá vilji byggist á þeirri forsendu að flest og helst  
öll sveitarfélög geti veitt svipaða þjónustu og tekið að sér sambærileg verkefni frá hinu opin-  
bera. Þess vegna er verulegur annmarki á slíkum flutningi verkefna nema þau smáu sameinist  
og myndi þannig nægilega öflug samfélög til að standa jafnfætis öðrum. Enginn vafi er á því  
að efling sveitarfélaganna, skilgreining á þeim búsetuskilyrðum sem þau verða að geta boðið  
og flutningur verkefna til þeirra er forsenda fyrir því að byggð geti haldist víða um land. Því  
er eitt brýnasta verkefni byggðamála að styrkja sveitarfélögin á landsbyggðinni.

Ástæðurnar fyrir því að sums staðar hefur sameining sveitarfélaga gengið hægar eru marg-  
víslegar. Gamlar hefðir og áhrif ráðamanna í héraði valda því að hluta til. En mikil breyting  
hefur orðið á afstöðu manna til sameiningarmála á þeim árum sem liðin eru frá því að loka-  
skýrsla sveitarfélaganefndarinnar kom út og almennt er sú afstaða miklu jákvæðari en áður.  
Þó er ekki líklegt að árangur náist í eflingu sveitarfélaga á sumum svæðum. Til eru dæmi um  
að fámenn sveitarfélög á litlum landsvæðum, sem eru óumdeilanlega eitt atvinnusvæði, hafi  
ítrekað hafnað sameiningu við nágranna sína vegna mismunandi aðstöðu til tekjuöflunar.  
Þannig hefur misvægi í tekjuöflunarmöguleikum sem ríkið hefur tryggt sveitarfélögum

komið í veg fyrir eðlilega sameiningu sveitarfélaga. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að lágmarksstærð sveitarfélaga verði 1000 manns. Flutningsmenn telja þó að í raun sé 1000 manna samfélag lítið og vanmegnugt til þess að tryggja íbúunum það búsetuumhverfi sem nú er nauðsynlegt til að treysta byggðina til framtíðar. Samþykkt þessarar tillögu yrði þó mikilvægt skref til að flýta þróuninni til öflugri sveitarfélaga. Ástæða er til að hafa í huga að í sveitarfélögum sem hafa orðið til við sameiningu undanfarin ár er víða góður jarðvegur fyrir umræðu um að mynda enn stærri og öflugri sveitarfélög. Þannig virðist sameining smæstu sveitarfélaganna við önnur geta rutt úr vegi fyrirstöðum sem nú tefja þróunina í átt til öflugri sveitarfélaga.